

Liðakeppni GR 2026

Keppniskilmálar

- Markmið** Liðakeppni GR er fyrir hópa innan GR, karla, kvenna eða blandaða. Er þetta fyrirkomulag fyrst og fremst hugsað til að styrkja og bæta félagsstarf innan golfklúbbsins.
- Hlutgengi** Keppnin er fyrir fullgilda meðlimi GR sem hafa náð níttján ára aldri. Hver leikmaður má eingöngu keppa fyrir eitt lið af þeim sem taka þátt í keppninni. Golfhópum sem ná að skipa fleiri en eitt lið er velkomið að skrá fleiri lið til keppni, en undir sitt hverju nafninu.
- Fjöldi liða** Allt að 24 lið geta skráð sig til keppni.
- Fyrirkomulag**
 - Riðlakeppni**
 - Liðum er skipt í riðla og að jafnaði eru 4 lið í riðli. Verði liðafjöldi ekki deilanlegur með fjórum munu einn til þrír riðlar skipaðir þremur eða 5 liðum.
 - Átta lið komast áfram úr riðlakeppninni.
 - Hver leikur gefur eitt stig. Ef leikir í riðlakeppni eru jafnir eftir 9 holur skal leik hætt og hvort lið fær hálf stig.
 - Úrslit ráðast af fjölda þeirra stiga sem lið hljóta í keppninni. Það lið vinnur sem hlýtur flest stig. Eitt stig fæst fyrir sigur og hálf stig fyrir jafntefli. Verði lið jöfn að stigum ræður fjöldi unninna leikja röð. Þarna er átt við vinninga úr hverri viðureign. Mest er hægt að fá 5 vinninga úr hverri viðureign. Ef enn er jafnt ræður innbyrðis leikur. Ef ekki fást úrslit eins og að framan greinir skal leika bráðabana um röð. Hver sveit teflir fram tveimur leikmönnum. Samanlagt skor þeirra gildir á holu. Forgjöf allra skal lækkuð um þann höggafjölda sem forgjafarlægsti kylfingurinn í bráðabananum er með.
 - Ef lið í öðru eða þriðja sæti riðla komast áfram gildir reglan hér á undan til þess að skera úr annað sætið eða þriðja sætið í riðlinum. Fjöldi vinninga hjá liði í sæti riðla sker úr um úr hvaða riðlum annað sætið gefi áframhaldandi þátttöku.
 - Lið leika bráðabana um áframhaldandi þátttöku dugi þessi skilyrði ekki til.
 - Útsláttarkeppni**
 - Eftir riðlakeppni er keppt er með útsláttarfyrirkomulagi. Gert er ráð fyrir 8 liðum í útsláttarkeppni.
 - Ef fjöldi liða er minni en 12, munu 4 lið komast áfram úr riðlakeppni.
 - Ef lið í öðru sæti riðils eða riðla komast áfram munu þau koma í stað þeirra riðla sem vantar, t.d. ef það eru 6 riðlar koma tvö bestu liðin í öðru sæti í stað liða úr riðlum 7 og 8. Annað dæmi er ef það eru þrír riðlar. Þá geta þrjú lið komist áfram úr riðlum. Sigurlið riðla mætast ekki í átta liða úrslitum. Lið úr sama riðli geta ekki mæst í 8 liða úrslitum.
 - Vinningur fæst fyrir sigur í hverri viðureign. Séu holuvinningar jafnir að loknum 9 holu leik deila liðin vinningi. Séu lið jöfn að vinningum eftir alla leikina, fara jafnteflisleikirnir í bráðabana.

- 5. Leikmáti** Í hverri umferð í riðlakeppni skal leika fjóra tvímenningsleiki og einn fjórleik, en í fjórleik leika tveir leikmenn saman í liði, betri bolta. Sex leikmenn í hvoru liði leika því í hverri umferð riðlakeppninnar. Hver leikur í umferðinni er 9 holur. Leikið er með fullri forgjöf þannig að forgjafarhöggum er deilt út á hverja holu eftir forgjafarröð eins og hún er skilgreind á vellinum. Leikmaður með 8 í leikforgjöf á 18 holum fær þannig 4 forgjafarhögg á níu holu leggnum. Sé leikforgjöf á oddatölu þá fær leikforgjöf upphækkun um hálfan í 9 holu keppni ($13/2=6,5$ hækkar í 7).
- 6.** Í úrslitaleiknum er heimilt séu bæði lið því samþykkt að leika fleiri leikmönnum en sex. Fjöldi leikja skal þó vera á oddatölu. Leikir geta ekki orðið jafnir í úrslitaleik. Sé jafnt eftir 9 holur skal halda áfram, eina holu í senn þar til annar sigrar holu. Forgjafarhögg koma á sömu holur og í leiknum áður.
- 7. Leikdagar** Riðlakeppni hefst í júní og líkur í júlí. Leikdagar eru tilkynntir þegar skráningu er lokið. Fráteknir leikdagar verða á Korpu 9 holum og verður leikið á kvöldin.
- 8. Hæst er gefin leikforgjöf 30 í liðakeppninni.**
- 9. Leikstaður** Allar umferðir verða leiknar á Korpúfsstaðavelli.
- 10. Mönnun** Hvert lið er skipað 6-12 leikmönnum, þar sem 6 leikmenn í hverju liði taka þátt í hverri umferð.
 - a. Við skráningu er skylt að tilgreina að minnsta kosti 6 leikmenn og að hámarki 12 leikmenn.
 - b. Lið sem komast úr riðlakeppninni í útsláttarkeppnina er heimilt að bæta við leikmönnum hafi færri en 12 leikmenn verið skráðir. Einnig má skipta út leikmönnum sem hafa ekki tekið þátt í riðlakeppninni.
- 11. Mótsgjald** Þátttökugjald er 10.000 krónur á hvert lið og greiðist við skráningu. Skráning fer fram í gegnum golfbox kerfið.
- 12. Mótsstjóri** Atli Þór Þorvaldsson er mótsstjóri og dómari keppninnar. Hafa má samband við dómara meðan á leik stendur í síma 894-2811.
- 13. Nafnbót** Golfhópurinn sem á liðið sem stendur uppi sem sigurvegari fær nafnbótina Liðameistari GR.

Sjá skilgreiningar á næstu síðu:

Skilgreiningar

Tvímenningur; (singles): Þar sem tveir kylfingar mætast í holukeppni með forgjöf. Leikmenn gera grein fyrir leikforgjöf áður en leikur hefst. Leikmaðurinn með hærri forgjöfina fær mismuninn af forgjöf þeirra og deilist forgjafarmunurinn á erfiðustu holurnar samkvæmt forgjafarmati á holum vallarins eins og fram kemur á skorkorti. Í 9 holu keppni fær leikmaður helming forgjafarmunar. Ef forgjafarmunur er oddatala þá hækkar hálf högg upp í næstu heiltölu.

Dæmi: Leikmaður með 18 í leikforgjöf mætir leikmanni með 9 í leikforgjöf. Fyrirnefndi leikmaðurinn fær högg í forgjöf á 9 erfiðustu holurnar í 18 holu keppni (úrslitaleik). Í 9 holu keppni fær hann 5 högg (4,5 með upphækkun).

Fjórleikur (fourball): Holukeppni með forgjöf. Tvö tveggja manna lið leika sínum bolta út holuna og betra skorið hjá hverju liði telur. Notaður er forgjafamismunur við þann sem hefur lágstu forgjöfina í leiknum. Hér gildir mismunur forgjafar miðað við lágstu forgjöf. Forgjafarhöggin dragast frá skori á erfiðustu holunum samkvæmt mati.

Dæmi:

Leikmenn í öðru liðinu eru með 3 og 9 í forgjöf en í hinu liðinu 7 og 21. Lágsta forgjöf er 3 og sá leikmaður fær ekkert forgjafarhögg. Meðspilari hann lækkar líka um 3 og fær 6 högg á völlinn eða 3 högg á 9 holu hring. Mótherjarnir fá 4 og 18 í vallarforgjöf eða 2 og 9 í 9 holu keppni.